



# Kennsluáætlun Norðlingaskóla

## Íslenska 3. - 4. bekkur

**Kennarar:** Edda, Hulda Soffía, Ingibjörg Soffía, Nína og Þórey

Megintilgangur íslenskukennslu er að nemendur fái tækifæri til að nota og þróa tungumálið í ræðu og riti, efla tjáningu, skilning og sköpun og læri að meta gildi málsins í daglegu lífi, námi og samskiptum. Íslenskan er lykilatriði í því hvernig fólk hugsar, lærir, tjáir sig og tengist öðrum og skólinn gegnir lykilhlutverki í að styðja við þessa færni frá upphafi skólagöngu, í samstarfi við heimilin. Mikilvægt er að allir nemendur, líka þeir sem hafa annað móðurmál eða nota íslenskt táknmál, fái tækifæri til að tileinka sér íslensku og nota hana á eigin forsendum. Kennslan á að byggja á samþættingu allra þátta tungumálsins – hlustun, tal, lestur, ritun og málnotkun – með það að markmiði að nemendur læri að tjá sig skýrt, hugsa gagnrýnið og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt í skóla og samfélagi.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleyti. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

### [Aðalnámskrá grunnskóla - íslenska](#)

#### Meginviðfangsefni að nemandi geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburð.
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur.
- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.



# Kennsluáætlun Norðlingaskóla

- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- þekki helstu orðflokka nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.

## Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [Leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

## Námsgögn

- Lestrar- og vinnubækur
- Skriftarbækur,
- Málfræðibækur
- Hefti
- Lesskilningsverkefni
- Námsspil

## Námsmat

Orðarún (lesskilningur)

Lesfimi (lestrarpróf)

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat. Nemendur fá að velja um ýmsar leiðir til þess að tjá skilning sinn á tilteknu viðfangsefni. Mikilvægt er að nemendur skili verkefnum jafnt og þétt yfir önnina til þess að tryggja að matið gefi rétta mynd af stöðu nemanda.